



Ársskýrsla  
Fjölbrautaskólans í  
Garðabæ 2025

Apríl 2026

Kristinn Þorsteinsson

## Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
	1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Stefnuskjal til þriggja ára	4
3	Starfsemi skólaárið 2025	4
	3.i Mið- og vorönn 2025	4
	3.ii Haust- og miðönn 2025	5
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	8
5	Sjálfsmat	8
6	Námsframboð	9
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	10
	7.i Stærð húsnæðis	10
	7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2025	10
	7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2025	11
	7.iv Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2025	12
	7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir sveitafélögum haust 2025	12
	7.vi Meðalstærð námshópa í dagskóla 2018-2025	13
8	Starfsfólk	13
	8.i Skólanefnd FG	13
	8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2025	13
	8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	14
	8.iv Yfirstjórn skólans 2025	14
	8.v Aðrir stjórnendur 2025	14
	8.vi Kynjaskipting starfsfólks 2025	14
	8.vii Kennsluhættir í FG	14
9	Alþjóðasamstarf Fjölbrautaskólans í Garðabæ skólaárið 2022-2024	15
10	Fjármál skólans	16

## 1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska þeirra svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfá þá í gagnrýnni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfá nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl.

### 1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur, áætlanir og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ](#)
- [Forvarnarstefna](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna](#)
- [Loftslagsstefna](#)
- [Persónuverndarstefna](#)
- [Rafræn vöktun](#)
- [Starfsmannastefna](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Umhverfisstefna/Samgöngustefna](#)

Áætlanir

- [Barnavernd](#)
- [Hinsegináætlun](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun FG gegn einelti og hverskyns ofbeldi](#)
- [Viðbragðsáætlun FG](#)

Reglur

- [Skólareglur](#)
- [Nemendaferðir](#)
- [Mat/stöðupróf á erlendri tungumálakunnáttu](#)
- [Prófreglur](#)
- [Skóladansleikir](#)
- [Skólasókn](#)
- [Skráningu nemenda](#)
- [Tölvubúnaður](#)
- [Umgengnisreglur](#)
- [Veikindi](#)
- [Vímuefni](#)

## **2 Stefnuskjal til þriggja ára**

Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2025 það var gert með breyttum hætti og var skilað inn rafrænt á vefkerfi Akra. Stefnuskjalið var samþykkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu. Sú stefnumarkmið eiga við árin 2026 til 2028. Stefnuskjalið var unni í Akraakerfinu og má sjá það [hér](#).

## **3 Starfsemin skólaárið 2025**

### **3.i Mið- og vorönn 2025**

Skólahald hófst 6. janúar eftir jólaaleyfi. Önnin gekk vel og lauk kennslu 13. febrúar. Ekkert prófatímabil var í dagskólanum en í fjarnámi var prófað 13. og 14. febrúar. Engin formleg brautskráning fór fram en 14 luku námi og fengu stúdentsskírteini. Þeim var jafnframt boðið að taka þátt í brautskráningarathöfn að vori og þáðu það flestir.

Margar umsóknir um skólavist bárust fyrir vorönn 2025 og voru ríflega 30 nemendur teknir inn. Flestir þeirra nemenda voru yngri en átján ára og höfðu ekki komist inn í skólann á haustönn 2024. Árangur annarinnar var þokkalegur og má sjá árangurinn á töflunni hér fyrir neðan. Ef grannt er skoðað má sjá árangur á miðönnnum er slakastur. Munar það þó litlu. Áður en farið var í þriggja anna kerfið var yfirleitt talsverður munur á haustönn og vorönn. Árangur vorannarinnar var slakari og skólasókn verri.

Athuga þarf að útilokað er að bera svona töflur saman milli skóla nema að sömu aðferðafræði sé beitt við úrvinnslu.

	Einkunnir vegið meðaltal allra einkunna	Skólasókn raunmæting að frádrögnum W og L
Haustönn 2016	6,13	87,63%
Vorönn 2017	5,82	85,54%
Haustönn 2017	6,65	88,72%
Vorönn 2018	6,27	87,91%
Haustönn 2018	6,38	90,11%
Vorönn 2019	5,98	87,25%
Haustönn 2019	6,93	91,25%
Miðönn 2019-2020	6,46	92,90%
Vorönn 2020	6,91	89,95%
Haustönn 2020	6,95	92,30%
Miðönn 2020-2021	6,92	91,70%
Vorönn 2021	6,74	92,21%
Haustönn 2021	6,84	93,39%
Miðönn 2021-2022	6,63	91,62%
Vorönn 2022	6,33	89,06%
Haustönn 2022	6,83	92,98%
Miðönn 2022-2023	6,76	91,07%
Vorönn 2023	6,90	92,25%
Haustönn 2023	6,96	93,19%
Miðönn 2023-2024	6,84	91,48%
Vorönn 2024	6,79	90,80%
Haustönn 2024	7,05	92,40%
Miðönn 2024-2025	6,92	91,30%
Vorönn 2025	6,83	90,36%
Haustönn 2025	6,68	92,30%

Félagslíf á vorönn var líflegt. Nemendur settu upp söngleikinn **Gulleyjuna** og sýndu nokkrum sinnum fyrir fullu húsi. Lið FG keppti að vanda í **Gettu betur** og komst í átta liða úrslit en féll annað árið í röð út í keppni við Menntaskólann í Reykjavík. Lið FG í **Leiktu betur** bar sigur úr býtum einu sem oftast.

Kennslu á vorönn lauk 21. maí. Brautskráning fór fram 31. maí. Brautskráðust þá 159 nemendur og þar af 13 sem luku námi á miðönn. Dreifing nemenda á brautir var eftirfarandi: 49 af listnámsbrautum, 30 af viðskiptabraut, 21 af hönnunar og markaðsbraut, 18 af náttúrufræðibraut, 17 af félagsvísindabraut, 17 af íþróttabraut, 4 með lokapróf frá FG og 3 af alþjóðabrautum


### 3.ii Haustönn 2025

Aðsókn að skólanum var góð. Á töflunni fyrir neðan má sjá aðsókn að skólanum síðan 2008.

2025	FG	Val 1	275	1072
	FG	Val 2	509	
		Val 3	288	
2024	FG	Val 1	251	618
	FG	Val 2	367	
2023	FG	Val 1	281	676
	FG	Val 2	395	
2022	FG	Val 1	305	694
	FG	Val 2	389	
2021	FG	Val 1	207	530
	FG	Val 2	323	
2020	FG	Val 1	260	630
	FG	Val 2	370	
2019	FG	Val 1	237	550
	FG	Val 2	313	
2018	FG	Val 1	207	524
	FG	Val 2	317	
2017	FG	Val 1	217	583
	FG	Val 2	366	
2016	FG	Val 1	206	450
	FG	Val 2	244	
2015	FG	Val 1	195	485
	FG	Val 2	290	
2014	FG	Val 1	200	500
	FG	Val 2	300	
2013	FG	Val 1	158	432
	FG	Val 2	274	
2012	FG	Val 1	162	454

	FG	Val 2	292	
2011				463
	FG	Val 1	190	
	FG	Val 2	273	
2010				428
	FG	Val 1	181	
	FG	Val 2	247	
2009				533
	FG	Val 1	167	
	FG	Val 2	366	
2008				362
	FG	Val 1	80	
	FG	Val 2	282	

Hér má sjá sömu gögn í línuriti.



Eins og undanfarin ár komst aðeins hluti umsækjanda í skólann.

Haustönnin hófst með starfsmannafundi 18. ágúst. Þann 19. ágúst voru námskeið og deildarfundir. Nýnemum var boðið upp á tölvunámskeið 20. ágúst og hófst kennsla 21. ágúst. Önnin gekk vel og var skólasókn og námsárangur ásættanlegur.

Engin lokapróf voru á haustönn en lokapróf í fjarnámi voru 3. – 4. nóvember Brautskráning haustannar fór fram 21. nóvember og brautskráðust 33 stúdentar. Af þeim 33 sem útskrifuðust voru 8 af listnámsbrautum, 7 af hönnunar- og markaðsbraut, 6 af viðskiptabrautum, 4 af náttúrufræðibraut, 4 af félagsvísindabraut, 3 af íþróttabraut og 1 af alþjóðabraut.

Miðönnin hófst með kennarafundi 13. nóvember og kennsla hófst næsta dag. Ekki voru teknir inn nýir

nemendur á miðönn. Kennt var óslitið til og með 17. desember. Námsmatsdagur var 18. og 19. desember og jólafrí hófst 20. desember og hófst kennsla aftur 5. janúar 2025.

#### 4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og situr einn fulltrúi þess skólanefndarfundi. Forvarnarfulltrúi skólans er tengiður við skólann og situr alla fundi foreldraráðs. Foreldraráðið hefur fundað fjórum sinnum á þessu skólaári og hefur ráðið fengið stjórnendur, forseta nemendafélagsins og kennara á fundi. Mæting er að jafnaði mjög góð.

Til þess að halda foreldrum upplýstum hefur foreldraráð undirsíðu á heimasíðu skólans og heldur einnig úti Facebook síðu. Virkni á Facebook síðunni hefur ekki verið mikil þetta skólaár en foreldraráð setur fundargerðir sínar inná síðuna, auk þess eru þær settar á heimasíðu skólans. [Fundargerðir foreldraráðs](#).

Skólinn leggur áherslu á að halda foreldrum upplýstum í gegnum tölvupósta, á heimasíðu skólans og á samfélagsmiðlum.

Foreldraráð leggur sig fram um að vera góður bakhjarl fyrir skólastarf og nemendur. Það sendir út valkvæða greiðsluseðla til foreldra einu sinni á ári og sú fjárhæð sem safnast er nýtt til að styrkja við félagsstarf nemenda og halda foreldrakvöld sem var haldið í byrjun mars. Félagið styrkir einnig veitingasölu á Imbrudögum, gefur verðlaun í fyrirmyndarpotti sem dregið er úr eftir dansleiki og auk þess hefur hlutverk foreldraráðs hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum.

Samskipti við forráðamenn fara einkum fram með þátttöku í fundi með foreldrum nýnema, með fræðslufundum einu sinni – tvisvar á ári og með tölvupósti sem skólinn sendir út fyrir foreldraráð.

Loks má nefna það að foreldraráð á áheyrnarfulltrúa í skólanefnd skólans.

#### 5 Sjálfsmat

Tilgangur sjálfsmats er að skólastarf, menntun og starf kennara þróist þannig að námið verði nemendum farsæll undirbúningur undir líf, störf og frekara nám.

Stefna um sjálfsmati skólans og vinnu við það er birt á heimasíðu og niðurstöðum er miðlað í árlegri sjálfsmatsskýrslu. Megintilgangur með sjálfsmati FG er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að bættu skólastarfi, meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og tryggja að nám við Fjölbrautaskólans í Garðabæ sé framúrskarandi.

Gæðaráð skólans hefur yfirumsjón með sjálfsmati. Ráðið kemur saman á samráðsfundum einu sinni í viku þar eru helstu áherslur skólastarfsins mótaðar og farið er yfir reglubundna þætti. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, tveir kennslustjórar, námsráðgjafar, skrifstofustjóri og félagsmálafulltrúi. Þessi skipan tryggir að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðunum og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

Árið 2025 var megináhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem verið hafa þungamiðjan í innra mati skólans. Þar má helst nefna úttekt á námsárangri nemenda, kennslukannanir, könnun á líðan

starfsmanna, úttekt á námsmati og kennsluáætlunum. Þá var eftirfylgd með viðveru nemenda aukin. Árleg úttekt á einni námsgrein fór fram á vorönn og urðu viðskiptagreinar fyrir valinu þetta skólaár. Heildarniðurstaða úttektarinnar var að Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur á að skipa sérlega öflugum kennurum í viðskiptagreinum og nemendur eru mjög ánægðir með nám sitt og kennslu í viðskipta- og markaðsgreinum. Kennarar leggja sig yfirleitt fram um fjölbreyttar kennsluáðferðir og margbreytilegt námsmat. Tvennt má nefna sem er mjög áhugavert. Annars vegar eru það tilraunir með námsmat þar sem nemendur fá að hafa áhrif á námsmat, bæði hvað varðar hvaða þættir eru metnir og hvaða vægi þeir hafa innan ákveðinna marka. Eins er spennandi að fylgjast með kennslu í áföngum þar sem ábyrgð á kennslu og námsmati er unnin í teymi fremur en á ábyrgð eins kennara.

Miklu skiptir að skólar leitist við að koma til móts við ólíkar þarfir á markvissan hátt og meta reglulega starf sitt og stöðu. Því þurfa matsaðferðir að vera í stöðugri þróun og geta orðið hvati að breytingum. Matsaðferðir skólans eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til að rýna í störf sín, stunda starfþróun og bregðast við með jákvæðum hætti.

Spurningalisti sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun aðra hverja önn hefur þróast, margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila við hönnun listanna. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar og nemendur fá tækifæri til að tjá skoðun sína á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáðferðum og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga.

Úttektir á einni námsgrein gefa kennurum tækifæri til að skoða frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvaða breytingar þeir vilja gera. Lesa má niðurstöður þessara úttekta í [sjálfmatsskýrslum skólans](#).

Ytri úttekt á framhaldsskólum skal fara fram á fimm ára fresti. Slík úttekt fór fram á FG árið 2019 og var fylgt eftir með umbótáætlun. Niðurstöður má sjá [hér](#) og umbótaáætlun [hér](#). Skólinn verður tekin út aftur árið 2026.

## 6 Námsframboð

Allar stúdentsbrautir eru þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Sú braut er fjögurra ára. Samþykki mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Flestum brautum hefur verið breytt lítillega frá því þær upphaflega samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2024:

### Námsbrautir

Alþjóðabraut (stúdentsbraut)

- alþjóðasamskiptasvið
- menningarsvið
- viðskiptasvið


- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
  - fata- og textílhönnunarsvið
  - dansvið (nemendur ljúka 60 einingum frá viðurkenndum dansskóla í samráði við FG)
  - leiklistarsvið
  - myndlistarsvið
  - söng- og tónlistarsvið (nemendur ljúka 60 einingum frá viðurkenndum söng- eða tónlistarskóla í samráði við FG)
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
  - heilbrigðissvið
  - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
  - viðskiptasvið
- Sérnámsbraut fyrir fatlaða nemendur
- Styttri brautir
  - Framhaldsskólabraut
  - Menntabraut
  -

## 7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

### 7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

### 7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2025



**7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2025.\***

ár	vor %	haust %	miðönn %	alls á ári
2014	11/678=1,6%	18/766=2,3%		29
2015	17/672=2,5%	11/725=1,5%		28
2016	11/642=1,7%	11/736=1,5%		22
2017	11/699=1,6%	13/722=1,8%		24
2018	9/659=1,4%	8/725=1,2%		17
2019	4/629=0,6%	5/712=0,7%		9
2020	1/699=0,1%	2/735=0,3	9/633=1,4%	12
2021	3/675=0,4%	0/744=0%	12/698=1,7%	15
2022	5/682=0,7%	5/722=0,7%	10/673=1,5%	20
2023	0/658=0,0%	1/729=0,14%	10/665=1,5%	11
2024	0/677=0,0%	2/740=0,27%	9/685=1,3%	11
2025	2/698=0,2%	1/769=0,13%	6/712=0,84%	9

\* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN


\*\* Talið er brottfall á þeirri önn sem hófst í nóvember 2025 og lauk í febrúar 2026.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur reynt að mæla brotthvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en skólans enda er talning mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Niðurstaða ráðuneytisins fyrir skólaárin frá 2019-2025 má sjá á meðfylgjandi töflu. Eins og sést er brottfall nemenda í FG lítið en talsverður hópur flytur sig á milli skóla. Það skýrir hversu margir hverfa frá námi á miðönn. Nokkrir nemendur hætta á miðri önn til að hefja nám í öðrum skóla í byrjun janúar.


**Brotthvarf nýnema í FG 2019-2025 samkvæmt mennta- og barnamálaráðuneytinu**

	Brotthvarf alm.	Brotthvarf í FG	Tilfærsla alm.	Tilfærsla í FG
2019-2020	4,00%	0,00%	8,30%	5,40%
2020-2021	5,70%	1,50%	10,70%	12,20%
2022-2023	4,30%	0,00%	10,90%	8,30%
2023-2024	4,70%	1,00%	11,20%	8,90%
2024-2025	4,50%	1,00%	10,60%	8,00%

### 7.iv Kynjaskipting á haustönn í dagskóla frá 2015-2025



### 7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélögum eftir sveitarfélögum haustið 2025



## 7.vi Meðalstærð námshópa á haustönn í dagskóla 2018-2025

	Haust 2018	Haust 2019	Haust 2020	Haust 2021	Haust 2022	Haust 2023	Haust 2024	Haust 2025
Viðm.stærð 25-28	25,5	25	25,9 (102 hóp.)	24,5 (107 hóp.)	25,1 (114 hóp.)	26,1 (112 hóp.)	27,0 (109 hóp.)	27,5 (116 hóp.)
Viðm.stærð 22-26	20,8	20,8	21,1 (11 hóp.)	21,6 (11 hóp.)	20,1 (10 hóp.)	19,1 (8 hóp.)	23,6 (8 hópar)	19,6 (9 hópar)
Viðm.stærð 15-18	16,4	14	15,4 (14 hóp.)	15,7 (19 hóp.)	17,6 (16 hóp.)	15,9 (17 hóp.)	15,5 (17 hópar)	15,5 (11 hópar)
Viðm.stærð 12-14	9,9	11,8	11,2 (6 hóp.)	11,0 (5 hóp.)	12 (5 hóp.)	11,0 (6 hóp.)	12,6 (5 hópar)	11,8 (6 hópar)
Forn.áfangar 15-18	13,2	12	8,5 (2 hóp.)	17 (1 hóp.)				

## 8 Starfsfólk

### 8.i Skólanefnd

Ný skólanefnd var skipuð 29. sept. 2025. Í henni sitja:

Aðalmenn

- Stefán Snær Stefánsson, formaður
- Lilja Lind Pálsdóttir, varaformaður
- Halla Stella Sveinbjörnsdóttir, forseti NFFG
- Hulda Hlín Ragnarsdóttir
- Raket Steinberg Sölvadóttir
- Sigurbjörg Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra
- Snædís Snæbjörnsdóttir, fulltrúi kennara
- Tinna Borg Arnfinnsdóttir

Varamenn

- Hildur Þorsteinsdóttir
- Hjördís Guðný Guðmundsdóttir
- Inga Rós Reynisdóttir
- Máni Steinn Ómarsson

### 8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2025

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs-hlutfall	Fjöldi	Starfs-hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	100%	1	100%
Áfangastjóri	1	100%			1	100%
Bókavörður			2	150%	2	150%
Fjármálastjóri			1	100%	1	100%
Framhaldsskólakennari	13	1250%	33	3080%	46	4330%
Kerfisstjóri	1	100%			1	100%
Matráður			1	100%	1	100%

Náms- og starfsráðgjafi			2	200%	2	200%
Skólafulltrúi			1	75%	1	75%
Skólaliðar			3	300%	3	300%
Skólameistari	1	100%			1	100%
Skrifstofustjóri			1	100%	1	100%
Stuðningsfulltrúi			1	100%	1	100%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%			1	50%
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>1700%</b>	<b>46</b>	<b>4305%</b>	<b>64</b>	<b>6005%</b>

### 8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 46
- Aðrir starfsmenn 14,5

### 8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson frá 1. ágúst 2010
- Aðstoðarskólameistari – Anna María Gunnarsdóttir frá 1. ágúst 2023
- Áfangastjóri – Ingvar Arnarson frá 1. ágúst 2025
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%) frá 1. ágúst 2010

### 8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hrafnhildur Guðmundsdóttir
- Umsjónarmaður fasteigna – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

### 8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 47 71,9%
- Karlar 17 28,1%

### 8.vii Kennsluhættir í FG

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ leggjum við mikið upp úr fjölbreyttum kennsluaðferðum og fjölbreyttu námsmati. Kennsluaðferðir eins og leiðsagnarnám, samvinnunám, hlutverkaleikir og margt annað er notað af kennurum skólans. Sama má segja um námsmat, kennarar nota jafningjamat, sjálfsmat, próf og allskonar matsaðferðir til að meta nám nemenda. Á síðastliðnum árum hefur verkefnaað nám aukist verulega og lokapróf hafa alveg horfið í dagskóla, þó vissulega sé enn nóg af prófum í skólanum. Slík próf eru samt notuð í fjarnámi. Eðlilega eru ekki allir sammála um þetta og einhverjir vilja taka aftur upp lokapróf. Skólinn leggur mikla áherslu á að slíkar ákvarðanir eru í höndum kennslustjóra og kennara sem bera ábyrgð á kennslu og námsmati.

Einhver umræða hefur verið um hvort ætti að taka upp lokapróf í ákveðnum áföngum til að undirbúa nemendur betur undir háskólanám þar sem slíkt námsmat er notað. Það verður samt að hafa í huga að það að taka upp lokapróf hefur áhrif á kennslu og hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu notaðir. Það að vera með lokapróf stjórnar kennslu, svo geta menn haft skoðanir á því hvort það sé gott eða slæmt. Þetta er umræða sem við munum halda áfram.

Nú höfum við tekist á við gervigreindina í nokkur ár. Það er augljóst að tilkoma hennar hefur haft gífurleg áhrif á kennslu og námsmat. Við í FG höfum verið dugleg að fá til okkar og fara á námskeið um gervigreind. Það er áhugavert að sjá hvernig kennarar eru að bregðast við gervigreindinni. Kennarar hafa aukið munnlegt námsmat. Tvær leiðir hafa mest verið notaðar, annarsvegar að vera með munnleg próf en hinsvegar að fá nemendur til að verja verkefni sín munnlega. Einhverjir kennarar hafa farið þá leið að fjölga skriflegum prófum, hvort það er framför eða ekki verður að koma í ljós. Inspera hefur virkað vel, þar sem nemendur hafa fært próf og verkefni yfir á Inspera. Þar hefur kennarinn betri stjórn á hvaða heimildir er verið að nota og að gervigreind sé ekki að verki.

Það þarf samt að hafa í huga að það er mikilvægt fyrir kennara að kenna nemendum að vinna með gervigreind. Að þjálf þá í því hvernig best er að hafa samskipti við hana og umgangast hana á gagnrýninn hátt. Margir kennarar í skólanum hafa verið duglegir við að takast á við þetta stóra verkefni. Gervigreind er komin til að vera og mun ekki hverfa. Að okkar mati eru kennarar best til þess fallnir að hjálpa nemendum að takast á við hana.

Skólinn mun halda áfram að nota fjölbreytta kennsluhætti og nota fjölbreytt námsmat ásamt því að takast á við gervigreindina

## 9 Alþjóðasamstarf Fjölbrotaskólans í Garðabæ skólaárið 2024-2025

Alþjóðafulltrúi hefur starfað við skólann í fjögur ár. Markmiðið með því er að auka alþjóðlegt samtarf skólans. Samstarfið byggir á Erasmus+ samstarfi og þangað hefur skólinn sótt styrki og samstarfsaðila. Nú höfum við verið í miklu samstarfi við skóla í Lilleström í Noregi og í Lugo á Spáni. Verkefnið sem við höfum unnið í samvinnu ber titilinn Cultural Heritage. Þar sem áherslan er að miðla menningu og sögu milli ólíkra þjóða. Verkefnið byggir á að 12 nemendur eru valdir úr skólanum á hverju ári. Sex þeirra fara til Spánar og sex til Noregs, svo tókum við á móti erlendu gestunum. Dagskrá í hverju landi stendur yfir í fimm daga. Sambland af fræðslu og skemmtun. Þetta samstarf hefur gengið sérstaklega vel. Myndast hefur traust milli skólanna og vinátta milli nemenda og kennara. Slíkt traust er mjög mikilvægt svo allt gangi snurðulaust fyrir sig. Næsta ár verður síðasta árið í þessu samtarfi, en hver veit hvað kemur í kjölfar þess.

Þar sem þetta samtarf hefur gengið vel hafa skólarnir hafið nýtt samstarf. Fyrir ári síðan fengu skólarnir nýjan styrk frá Erasmus+. Þar er áherslan á hvernig er best að taka á móti nýjum kennurum. Þrír hópar skólamanna taka þátt. Stjórnendur, nýir kennarar og kennarar með langa reynslu. Hóparnir hittust í nóvember á síðasta ári í Noregi og ætla að hittast aftur á Íslandi í október á þessu ári.

Við höfum einnig verið í samstarfi við skóla í Frakklandi og á Ítalíu og skipst á nemendum. Nemendur hafa dvalið í mánuð erlendis og nemendur frá Frakklandi og Ítalíu hafa dvalið í mánuð á Íslandi. Þetta er nokkuð langur tími fyrir nemendur og hefur þetta gengið misvel. En eitthvað sem áhugavert er að halda áfram með.

Kennarar komu í skuggakennslu frá Ítalíu. Okkar kennarar fóru ekki í skuggakennslu á þessu skólaári. Nokkrir hópar kennara og stjórnenda frá Evrópu heimsóttu skólann á skólaárinu. Þar fengu þeir kynningu á íslensku skólakerfi og FG.

Hvað næst? Samstarfið við Noreg og Spán mun ljúka eftir ár. Báðum verkefnum lýkur þá. Ekki er búið að ákveða neitt um framhaldið. Það er mikilvægt eftir fimm ár með alþjóðafulltrúa vorið 2027 að endurskoða stöðuna og markmið okkar. Það er mikilvægt að stjórnendur og kennarar sem hafa tekið þátt setjist niður og horfi fram veginn. Hvað viljum við gera, hvert viljum við fara?

## 10 Fjármál skólans

Fjárhagsstaða skólans hefur verið traust undanfarin ár og skólinn oft verið rekinn með afgangi. Síðustu þrjú ár hefur hallað undan fæti og var reksturinn á árinu 2024 neikvæður um 50 milljónir og var þá samkvæmt efnahagsreikningi hrein eign kr. 1,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 152,6 milljónir.

Rekstur ársins 2025 gekk mun betur. Á árinu 2025 var ársveltan kr. 1.526,4 milljónir og afkoma kr. 55,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 56,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 207,6 milljónir

Ljóst er að þær sparnaðaraðgerðir sem gripið var til skiluðu árangri. Engu að síður var talsvert af eignakaupum á árinu og býr skólinn enn á varasjóði til að fara í þau eignakaup sem nauðsynleg eru.

Útgjaldarammi skólans á fjárlögum 2026 er 1.545,1 milljónir. Þar er gert ráð fyrir 65,2 milljónum í eigin tekjur og 16,7 milljónum í eignakaup. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstur verði í jafnvægi á árinu 2025.